



Höfuðborgarsvæði: Fundur um kortagerð  
19.10.1990. Verkaskipting

**Helgi Torfason**

**Greinargerð HeTo-90-03**

## HÖFUÐBORGARSVÆÐI: Fundur um kortagerð 19.10 1990 - Verkaskipting

### 1. INNGANGUR

Fundur var á OS föstudaginn 19. október 1990 um stöðu og væntanlega tilhögun við vinnu bergkorts nr. 1613/III af Reykjavík og nágrenni. Auk verkefnisskjórans, Freysteins Sigurðssonar (OS), voru mættir: Helgi Torfason (OS), Kristján Sæmundsson (OS), Árni Hjartarson (OS) og Haukur Jóhannesson (NFSÍ), en fjarverandi voru Jón Jónsson og Ingvar B. Friðleifsson (OS), sem einnig taka þátt í þessu verki. Einkum var rætt um verkaskiptingu, röð korta og tímaáætlun.

### 2. VERKASKIPTING

Verkaskipting er í grófum dráttum eftirfarandi:

- Árni Hjartarson og Jón Jónsson sjá einkum um grágrýtisflákana á Höfuðborgarsvæðinu, sundurgreiningu þeirra og útbreiðslu.
- Haukur Jóhannesson sér einkum um nútímahraun, en auk þess um hluta af jarðfræði í Mosfellsbæ og Viðey.
- Helgi Torfason sér um jarðfræði í Fellunum í Mosfellsbæ, þar sem hann hefur unnið áður. Hann sér auk þess um hreinteiknun korta, samræmingu á kortlagningu og annað, eftir því sem þörf krefur. Hann sér einnig um kortlagningu og teikningu brotalína í samráði við aðra. Hann mun hafa umsjón með verkinu og halda utan um allar upplýsingar, sjá um lokateiknun korta o.fl.
- Ingvar B. Friðleifsson sér einkum um jarðfræði Esju og næsta nágrenni, þar sem hann hefur áður kortlagt, auk tenginga með HeTo við Fellin í Mosfellssveit.
- Kristján Sæmundsson sér um móberg í Bláfjöllum og þar í kring og ef með þarf vinnur með HeTo, IBF og HJ í Mosfellssbæ og nágrenni Esju við tengingar jarðlaga ásamt sundurgreiningu grágrýtis o.fl.

Stór hluti vinnunnar við kortin verður að taka saman þá þekkingu sem þegar er fyrir hendi, en útivinna verður aðeins til að fylla í eyður, samræma og sannreyna einstök atriði og tengingar. Í kostnaðaráætlun er ekki gert ráð fyrir að kortleggja allt svæðið upp á nýtt. Í verksamningi er aðeins gert ráð fyrir 70 daga útivinnu við kortin fjögur (SV-NV-SA-NA).

Þar sem líttill tími einnig er settur í útivinnu í set- og vatnskortunum er okkur líka ætlað að hafa augun hjá okkur varðandi lindir, laugar, set, jökulrispur o.p.h. og koma þeim upplýsingum til verkefnisskjóra í þeim verkhlutum eftir þörfum, rétt eins og kortleggjendur í þeim verkum koma upplýsingum um opnur o.p.h. til okkar.

Í eftirfarandi töflu er heildartíma skipt lauslega á menn. Í töflunni er settur fram hámarkstími hvers í þessari vinnu, því heildartímafjöldinn er ákvæðin tala (2.760 t). Þessi skipting er því leiðbeinandi en ekki óbreytanleg og óskast athugasemdir sem fyrst við skiptinguna, ef einhverjar eru.

|                        | dagar úti | tímar úti | tímar inni | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | tímar alls |
|------------------------|-----------|-----------|------------|------|------|------|------|------------|
| Árni Hjartarson        | 7         | 70        | 190        | 60   | 150  | 50   | 0    | 260        |
| Haukur Jóhannesson     | 17        | 170       | 480        | 100  | 350  | 200  | 0    | 650        |
| Helgi Torfason         | 26        | 260       | 710        | 70   | 500  | 300  | 100  | 970        |
| Umsjón                 | 0         | 0         | 140        | 30   | 40   | 40   | 30   | 140        |
| Ingvar B. Friðleifsson | 7         | 70        | 190        | 30   | 150  | 80   | 0    | 260        |
| Jón Jónsson            | 4         | 40        | 90         | 30   | 100  | 0    | 0    | 130        |
| Kristján Sæmundsson    | 9         | 90        | 260        | 100  | 150  | 100  | 0    | 350        |
| Alls                   | 70        | 700       | 2.060      | 420  | 1440 | 770  | 130  | 2.760      |
| (Par af kortagerð      | 0         | 0         | 630        | 100  | 200  | 250  | 80   | 630)       |

Frumvinna við kortin verður gerð á orþokort (1:10.000) þar sem þau ná til og upplýsingar á því formi þurfa að vera öllum kortleggjendum aðgengilegar á OS.

Á meðan á kortlagningu stendur er þess óskað að þeir sem að kortinu vinna skili upplýsingum á greinargerðaformi, en þó sé eytt mjög litlum tíma í gerð þeirra. Á þennan hátt verða snið, korthlutar o.fl. aðgengilegt fyrir alla aðila og höfundarréttar gætt þar sem þess er óskað. Greinargerð er einfalt form á afhendingu upplýsinga og getur verið frá hálfri síðu upp í tugi síðna. Venjulega er þó litið á greinargerð fremur sem vinnuplaðg en endanlega útgáfu.

### 3. RÖÐ KORTA

Útgáfa jarðfræðikortanna, berg, set og vatn þarf að haldast í hendur þannig að vinna sé sem mest á sama tíma í hverju kerti. Berggrunnskortin eru nauðsynleg "undirstaða" fyrir þá aðila sem vinna hin kortin (set og vatn) og þurfa því að vera tilbúin fyrst. Útgáfu- og vinnsluröð kortanna er eftirfarandi:

1. 1613/III SV. Suðvesturhluti verði tilbúinn í hreinteikningu haust 1991.
2. 1613/III NV. Norðvesturhluti verði tilbúinn í hreinteikningu haust 1991.
3. 1613/III SA. Suðausturhluti verði tilbúinn í hreinteikningu haust 1992.
4. 1613/III NA. Norðausturhluti verði tilbúinn í hreinteikningu haust 1992

Á teiknistofu OS eru til þessi orthokort ("réttmyndakort"):

| 1513 II | 1613 III |     |     |     |     |
|---------|----------|-----|-----|-----|-----|
|         | 51*      | 52* | 53  | 54  | 55  |
| 45*     | 41       | 42  | 43  | 44  | 45  |
| 35*     | 31       | 32  | 33  | 34  | 35  |
| 25*     | 21       | 22  | 23  | 24* | 25* |
| 15*     | 11*      | 12* | 13* | 14* | 15* |

Kort merkt með \* vantar, hin eru til á filmu á OS.

Eins og sjá má vantar 13 kort til þess að hægt sé að setja fram gögn okkar á þessum kortum til að ná yfir kort 1613 III, en á 1613/III SV kortinu vantar 9 orþokort, því það kortblað mun ná vestar en prentaða kortið sem nú er til. Til að ná yfir öll kortin vantar 4 orþokort til viðbótar, en þau mega ekki koma mikið síðar en á næsta ári. Kort nr.11 er til á negatífrí filmu.

Orþokortin eru í mælikvarða 1:10.000 og er þau því mjög góð til að merkja einstök atriði inná. Hæðarlínur á þeim eru ekki þær sömu og á hinum endanlegu 1:25.000 kortum og því þarf

aðgæslu til að færa atriði á milli korta. Mælikvarði hins endanlega korts er það stór að nákvæmni getur verið mikil í staðsetningu atriða og það er ástæðan fyrir því að við viljum nota orþokortin til að safna upplýsingum á, þau geta auk þess verið mjög gagnleg síðar meir, ef þess verður óskað að gerð verði en nákvæmari kort af einstökum svæðum. Það er sjálfgefið að þeim sem vinna að kortagerðinni eru þessi kort aðgengileg, en hins vegar ekki sjálfgefið að þau séu aðgengileg hverjum sem er.

Skv. upplýsingum frá Ólafi Valssyni (LÍ) kosta orþokortin:

|                   |              |
|-------------------|--------------|
| Á filmu           | 8053 kr./stk |
| Á ljósmyndapappír | 5882 kr./stk |

Við þurfum ekki nema filmuna, svo að til að vinna SV-kortið í þessum mælikvarða þurfum við á næstu mánuðum  $8053*9=72.477$  kr en alls er upphæðin  $8053*13=104.689$  kr. Verið getur þessi kort séu til hjá Reykjavíkurborg og verkefnið geti fengið þau þaðan, og verður það kannað.

Talsverður áhugi er á að gera hluta teiknivinnunnar í tölvu og er það mál nú allt í athugun. Reykjavíkurborg hefur keypt kortrænt-gagnasafnskerfi sem nefnist ARC/INFO og er verið að huga að því hvort það sé hentugt til þeirrar vinnu sem hér er að fara af stað.

Helgi Torfason

